



» Breytingar á Íslandsmiðum

Þær miklu breytingar sem orðið hafa á göngumynstri uppsjávarstofna hafa verið tengdar við breytilegt fæðuframboð, skilyrði í hafinu og ástand stofna.

» 7



Fiskifréttir

FIMMTUDAGUR

1. ÁGÚST 2019

31. tbl. 38. árg.



Þolinmæðisvinna á grálúðunni

Áhöfnin á nýjum frystitogara Grindvíkinga, Tómasi Þorvaldssyni GK, er á grálúðuveiðum fyrir austan.

» 2

Frystitogarinn Vestmannaeyjar

Óskar Sigmundsson stingur upp á því að Vestmannaeyjar fari nýstárlega leið við markaðssetningu.

» 3



Öryggið eigi að ráða

Formaður Sjómannasambands Íslands mótmælir harðlega áformum um breytingar á mönnum skipa.

» 5



Einstök veðurblíða á Halamiðum mætti áhöfninni á Tómasi Þorvaldssyni GK 10 í fyrsta túr skipsins fyrir Þorbjörn hf. í Grindavík.

MYND/HÓLMGEIR AUSTEYJÖRD

Segir málaferli framundan

Drög að frumvarpi um kvótasetningu grásleppu gera ráð fyrir því að úthlutun miðist ekki við veiðireynslu skipa, eins og venjan er, heldur þá reynslu sem fylgir leyfi því sem skráð er á skipið.

Vilhjálmur Ólafsson skipasali telur fullvíst að sú leið hafi í för með sér málaferli.

Árum saman hafa nefnilega flestir þeir sem selt hafa frá sér bát haft ákvæði í kaupsamningi sem á að tryggja að verði aflí kvótasettur þá eigi þau réttindi sem byggð eru á aflareynslu seljanda bátsins að renna til seljandans.

„Þetta er þinglýst ákvæði og ég er alveg

viss um að það mun einhver láta á það reyna hvort þetta standist,“ segir Vilhjálmur.

Vilhjálmur fullyrðir að þeir séu til sem hafi verið að sanku að sér veiðileyfum og muni sjálfsagt hagnast vel á þessu breytta fyrirkomulagi.

» 4

Ísvélar

Íshúsið

www.isvelar.is - S:586 9000 - ishusid@ishusid.is

www.isvelar.is

Reiknaðu dæmið til enda! Það borgar sig

Óskar í Marósi stingur upp á nýbreytni í markaðssetningu

Frystitogarin Vestmannaeyjar

Selja eigi útlendingum sögu útgerðar í Eyjum, nálægðina við miðin og staðsetninguna við rætur jökla og eldfjalla.

GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@fiskifrettir.is

Óskar Sigmundsson, framkvæmdastjóri Maróss í Þýskalandi, hefur stungið upp á því að nýjar og jafnvel nýstárlegar leiðir verði farnar við markaðssetningu sjávarafurða.



Óskar Sigmundsson.

Í erindi sem hann flutti á Þekkingarsetri Vestmannaeyja í vor sagði hann að Vestmannaeyjar gætu sem hægst lagt áherslu á sérstöðu sína þegar kemur að því að selja fiskinn á markað erlendis.

„Mín hugmynd væri að þið mynduð gera úr Vestmannaey-



Vestmannaeyjar gætu farið nýstárlega leið við markaðssetningu.

MYND/ÓSKAR P. FRIDRIKSSON

um stærsta frystitogara landsins, Vestman Islands VE 900,“ sagði hann við áheyrendur í Eyjum, en sjálfur er Óskar úr Eyjum og þekkir því vel til.

„Þið eruð með nálægðina hérna, þetta er ekki nema tveggja til sex klukkustunda sigling á miðin. Hér getið þið verið í svakalega mikilli nálægð við sjófrystar af-

urðir, með þekkinguna úr uppsjávargeiranum á frystingu og kælingu. Frystigetan er til staðar. Það er allt hérna til staðar til að vera með súperlandfryst gæði. Þið

getið komist ansi nálægt sjófrystum gæðum.“

Hann ráðleggur Vestmannaeyingum að selja „upprunann, nafnið, veiðislóðina og nálægðina við gjöful fiskimið, við rætur stærstu jökla í Evrópu og á eldfjallasvæðinu við Suður- og Suðvestur-Ísland.“ Leggja eigi áherslu á staðsetningu Íslands í hafinu, við Golfstrauminn og Grænlandsstrauminn, og segja fólki „sögu útgerðar, fiskvinnslu, gelluvagna og trillukarla við hliðina á stóru uppsjávarskipunum. Þetta er allt hér til staðar.“

Hann segir jafnframt að samkeppnin sé ekki lengur ein göngu við Kína heldur einnig við Austur-Evrópu. Hráefnið hefur farið mikið í gegnum Holland til Kína, en vægi Kína er að minnka.

„Stóru verksmiðjurnar í Austur-Evrópu eru að stækka og verða veigameiri. Þangað er meira hráefni að streyma og Cuxhaven er mun nær Austur-Evrópu en Holland,“ sagði Óskar, en fyrirtæki hans er staðsett í Cuxhaven og einbeitt sér að markaðssetningu á íslenskum gullkarfa.

Við sérhæfum okkur í sölu á fiskiskipum, aflaheimildum, sjávarútvegsfyrirtækjum og nýsmíði fiskiskipa



Til sölu Farsæll SH-33

Farsæll SH-33 er 28,93 m x 7,0 m þriggja mílna ísfisktogari smíðaður 1983, með 560 kW Caterpillar aðalvél frá 1992.



Til sölu Sigurborg SH-112

Sigurborg SH-112 er 34,86 x 7,2 m togbátur smíðaður 1966. Báturinn er með 736 kw Caterpillar aðalvél frá 1981 og hefur mikið verið endurbyggður.



Til sölu Hannes Andrésón SH-737

Hannes Andrésón SH-737 er 24,68 x 5,2 m, skráningarlengd er 23,14 m. Báturinn er smíðaður 1974 en hefur verið endurbyggður og er með 359 kw Scania aðalvél frá 1996. Báturinn er nú búinn til skelveiða en hefur stundað sæbjúgnaveiðar og til greina kemur að selja réttindi hans til sæbjúgnaveiða.



SAGA SKIPAMIÐLUN